



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

30. Fundur – aukafundur haldinn á Teams 24. maí 2023

Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna á aukafund. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

Málefni Héraðsskjalasafns Árneseinga

Á vofundi Héraðsnefndar sem haldinn var 28. apríl 2023 á Hótel Vatnsholti var samþykkt að halda aukafund í Héraðsnefnd til að fara yfir húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins auk þess að afgreiða bókun Ölfuss frá 27. apríl sl. um útgöngu úr safninu.

Formaður fór yfir bókun bæjarstjórnar Ölfus frá 27. apríl sl. á þeim fundi samþykkti bæjarstjórn að ganga úr rekstri héraðsskjalasafnsins. Það var svo á fundi bæjarstjórnar Ölfus 11. maí sl. að bæjarstjórn samþykkir að draga til baka ákvörðun um úrsögn úr Héraðsskjalasafninu en úrsögnin háð því að áform um kaup og endurgerð nýs húsnæðis verði frestað þar til fyrir liggur niðurstaða hvað varðar heildarstarfsemi Héraðsnefndar.

Á aukafundi Héraðsnefndar sem haldinn var 10. janúar 2023 var samþykkt að kaupa húsnæðið að Hellismýri 8 á Selfossi undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Sveitarstjórnir sjö sveitarfélaga hafa samþykkt að kaupa og ganga í ábyrgð fyrir kaupunum en bæjarstjórn Ölfus hefur hafnað að kaupa og gangast í ábyrgðir fyrir kaupunum. Fram kemur í 10. grein stofnsamþykktar Héraðsnefndar að samþykki allra sveitarfélaga þurfi til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar öðlist gildi. Héraðsnefnd Árneseinga bs. getur því ekki keypt húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Bragi Bjarnason, Árni Erlingsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Kjartan Björnsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Aukafundur Héraðsnefndar haldinn 24. maí 2023 samþykkir í ljósi þess að ekki liggur fyrir samþykki Ölfus um kaup á Hellismýri 8 að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar er falið að taka saman gögn um málið sem munu fylgja fundargerð þessa fundar. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar bs. eru beðnar um að taka málið fyrir eins fljótt og mögulegt er og taka afstöðu um þá leið að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 með þeim breytingum sem yrðu á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins fengist húsnæðið leigt.

Til máls taka auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Jón Bjarnason, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Haraldur Þór Jónsson.

Tillaga að bókun er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarslit kl. 8:55.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi.
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur, áheyrnarfulltrúi
Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Eypór H. Ólafsson, Hveragerði
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Geir Sveinsson, bæjarstjóri Hveragerði
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari